



Nútið í fortíð

Hvernig getur mannfræðin rannsakað fortíð samfélaga?

Adam Hoffritz

Lokaverkefni til BA-gráðu Mannfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Fortíð í nútíð

Hvernig getur mannfræðin rannsakað fortíð samfélaga?

Adam Hoffritz

Lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði
Leiðbeinandi: Sigríður Dúna Kristmundsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í Mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Adam Hoffritz 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um sögulega mannfræði og skiptist í tvennt. Í fyrri hlutanum er fjallað um fræðilegan grundvöll sögulegrar mannfræði. Fjallað er um tengsl mannfræði við sögulegar rannsóknir. Fjallað er um hugtökin sögu, frásögn og atburð sem og mikilvægi þess að skoða sögulega atburði sem félagsleg fyrirbæri. Einnig er fjallað um heimildir og að það beri ekki að líta á þær sem staðreyndir um liðinn tíma heldur frekar sem félagslega staðreynd um liðinn tíma. Heimildir þarf að skoða í samfélagslegu samhengi og spyrja þarf spurninga eins og: hver skrifaði heimildina? Af hverju? Hvaða aðferðir voru notaðar? og svo framvegis. Í seinni hluta ritgerðarinnar er fjallað um gildi vettvangsrannsókna mannfræðinnar fyrir rannsóknir á fortíðinni. Einn þáttur í því að rannsaka fortíðina er að rannsaka skilning samfélaga á eigin fortíð, hvernig það varðveitir frásagnir af fortíð sinni og hvernig þeim er miðlað milli kynslóða. Slíkt rannsóknarefni hentar vettvangsrannsóknum mannfræðinnar vel og tekin eru dæmi úr etnógrafafíum þar sem umfjöllunarefnið er skilningur fólks á eigin fortíð. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að mannfræðin getur rannsakað fortíð samfélaga bæði með rannsóknum þar sem stuðst er við söguleg gögn en einnig með vettvangsrannsóknum. Saga er samfélagsleg afurð, frásögn af fortíð samfélaga og samfélög fara mismunandi leiðir í því að varðveita eigin fortíð. Frásögn samfélags af eigin fortíð mótar samfélag samtímans sem svo á móti er sífellt að endurskoða eigin sögu. Vettvangsrannsóknir eru kjörin leið til að öðlast skilning á því hvernig fólk hugsar um fortíð sína, hvernig það segir frá henni og varðveitir hana.

Efnisyfirlit

1. kafli. Fræðilegur grundvöllur sögulegrar mannfræði	5
1.1. Staða sögulegra rannsókna innan mannfræðinnar	5
1.2. kafli. Tilvist í hugtökum - tengsl sögu, atburða og frásagna	7
1.3. Saga þjóðhöfðingja eða saga almennings?	11
1.4. Fortíð í texta: um heimildir.	14
1.5. Um vettvangsrannsóknir	17
2. kafli. Gildi vettvangsrannsókna fyrir sögulega mannfræði	18
2.1. Söguskilningur Evrópu og saga "hinna"	18
2.2. Vettvangsrannsóknir um fortíðina	21
2.3. Nútíð í fortíð - frásagnir af því hvernig samfélagið varð eins og það er	24
2.4. Atburðir og frásögn af efnahagsbreytingum	28
Lokaorð	31
Heimildaskrá	33

1. kafli. Fræðilegur grundvöllur sögulegrar mannfræði

1.1. Staða sögulegra rannsókna innan mannfræðinnar

Á vissan hátt eru allar etnógrafíur sagnfræðilegar og ástæðuna fyrir því má finna í rannsóknaraðferðum mannfræðinnar. Fræðigreinin byggir á vettvangsrannsóknum sem eiga að taka dágóðan tíma og taka oft nokkur ár. Þegar heim er komið tekur við vinna við að greina gögn og úr þeirri vinnu spretta ritverk sem er svo gefið út (Nancy Scheper Hughes, 2009). Þó svo að mannfræðingar fjalli um samfélög dagsins í dag þá er það samt þannig að innri tími etnógrafíunnar, svo ég taki hugtak úr bókmenntafræðum, er alltaf í fortíðinni.

Í hvert skipti sem gefin er út etnógrafía er verið að gefa út heimild um liðinn tíma og þannig hefur það alltaf verið, þó svo að það sé mannfræðingum kannski ekki alltaf efst í huga. Verk sem í dag eru talin með klassískum etnógrafíum eins og *Argonauts of the Western Pacific* eftir Bronislaw Malinowski (1984), *The Nuer: A Description of the Modes of Livelihood and Political Institutions of a Nilotic People* eftir E.E. Evans Pritchard (1969) og *Women of the Forest* eftir Yolanda Murphy (1985) eru sagnfræðilegar heimildir um fólkið sem höfundar fjalla um. Á sama tíma eru þessi verk heimild um mannfræðina sem fræðigrein og þá hugmyndafræði sem mannfræðingar voru að vinna með á hverjum tíma fyrir sig. Mannfræðingar hafa margoft skrifað sögu fræðigreinarinnar og reglulega eru gefnar út bækur þar sem fjallað er um mannfræði frá upphafi hennar til samtímans (sjá til dæmis Barnard 2000).

Mannfræðinni var lengi legið á hálsi fyrir að skrifa um samfélög eins og þau væru stöðnuð og föst í aldagömlum hefðum sem gangi milli kynslóða án breytinga. Ef breytingar áttu sér stað var það oft vegna afskipta nýlenduveldana og þá var skrifað um fólk eins og það væri að verja sína aldagömlu síði gegn afskiptum umheimsins (Pratt 1986). Fræðimenn sem vildu endurskoða stöðu sögulegra rannsókna innan mannfræðinnar sögðu að það væri gjá á milli mannfræði og sagnfræði sem hefði verið buin til af mannfræðingum. Gjáin hefði myndast í pólitískri umræðu fræðimanna um mörk fræðigreinnanna fremur en vegna vandamála við að stunda mannfræðilegar rannsóknir á fortíðinni. Þessi gjá var sögð óþörf meðal

annars á grundvelli þess að það væri ekki hægt að fjalla um menningu og samfélagsgerð án þess að fjalla um sögu og öfugt, en nánar um það seinna (Silverman 1979).

Þessi gagnrýni á viðhorf mannfræðinnar gagnvart sagnfræði og sögulegum rannsóknum átti rétt á sér að mörgu leiti en var einnig ósanngjörn. Herbert Lewis (1997) bendir á að gagnrýnendur hafi alhæft um mannfræði út frá stuttu tímabili í breskri félags-mannfræði þar sem mikil áhersla hafi verið lög á að sjá hvernig samfélög notuðu siði og venjur til að viðhalda innri reglu samfélagsins. Raunin er sú að söguleg nálgun hefur alltaf verið til staðar innan mannfræðinnar, þó hún hafi ekki verið áberandi. Í árdaga mannfræðinnar hafði þróunarhyggja mikil áhrif á fræðimenn og meðal þeirra þekktustu sem settu fram kenningar byggðar á henni voru þeir Lewis Henry Morgan (1818-1881) og Edward Burnet Tylor (1832-1917 (McGee 2008). Þessir tveir þróunarhyggjumenn byggðu kenningar sínar á sagnfræðilegum heimildum og fornleifum og það er því ekki langsótt að kalla skrif þeirra sögulega mannfræði. Það sama má segja um aðra fylgjendur þróunarhyggju, svo sem Leslie White (1900-1975,) og Julian H. Steward (1902-1972) (McGee og Warms 2008). Það er mikilvægt að veita því athygli að þessir fræðimenn voru ekki allir uppi á sama tíma en það sýnir að sögulegt sjónarhorn innan mannfræði er ekki afmarkað við eitthvað eitt ákveðið tímabil í upphafi fræðigreinarinnar. Herbert Lewis hefur skrifað um þetta og nefnir sem dæmi að Franz Boaz hafi lagt mikla áhersu á mikilvægi sagnfræðilegra rannsókna fyrir mannfræðinga. Það hafi skilað sér til nemenda hans í Bandaríkjunum sem nýttu sér sögulega nálgun í rannsóknum sínum næstu áratugi (Lewis 1992). Síðar, undir merkjum feminisma, birtust rannsóknir þar sem staða kynjanna var skoðuð í sögulegu ljósi (McGee og Warms 2008) og árið 1982 gaf Eric Wolf út bók sína *Europe and the People without History (1982)* þar sem fjallað eru um áhrif nýlendustefnu vesturlanda á nýlenduríkin. Í bókinni skoðar hann nýlendutímamann með augum mannfræðinnar og það verk er einungis eitt af mörgum mannfræðiverkum sem fjalla um nýlendutímamann. Mannfræði Eyjaálfu er rík af sögulegum rannsóknum og sem dæmi má nefna deilur milli Marshall Sahlins og Gananath Obeyeskere um ástæður þess að James Cook kaftéinn var myrtur á Havaii árið 1779 (Borofsky 2000 og Barnard

2000) og Aletta Biersak ritstýrði bók um sögulegar mannfræðirannsóknir í Eyjaálfu (Biersack 1991). Durrenberger (1992) og Hastrup (1992) hafa nýtt kenningar mannfræðinnar til að rannsaka Ísland á miðöldum og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir hefur skrifað ævisögu á manfræðilegum grunni (2001). Einnig er það svo að mannfræðingar vinna ákveðna undirbúningsvinnu áður en þeir fara á vettvang. Undirbúningurinn felst meðal annars í því að lesa sér til um svæðið þar sem vettvangsrannsóknin á að fara fram og í mörgum etnógrafíum er stuttur kafli um sögu svæðisins og fólksins sem fjallað er um.

Fyrir mannfræðina eru rannsóknir á fortíðinni því ekki ókunnugar. En þó svo að mannfræðingar hafi nýtt sér sögulega nálgun í rannsóknum þá var það ekki nóg til að það yrði til kerfisbundin aðferðafræði fyrir sögulega mannfræði. Upp úr 1980 fór það að breytast og nú er svo komið að mannfræðingar eru að reyna að skilgreina og staðsetja sögulega mannfræði meðal annara undirgreina mannfræðinnar og meðal annara fræðigreina sem fást við sögulegar rannsóknir (Kirch 2001).

1.2. kafli. Tilvist í hugtökum - tengsl sögu, atburða og frásagna

Það væru ýkjur að segja að til sé nákvæm skilgreining á því hvað söguleg mannfræði er. Söguleg mannfræði hefur verið skilgreind sem framleiðsla á þekkingu þar sem aðferðum mannfræði og sagnfræði er blandað saman (Axel 2002, vii). Þessi skilgreining útskýrir ekki mikið en ef til vill er ekki hægt að skilgreina sögulega mannfræði á nákvæmari máta. Rannsóknarefnið er fjölbreytt og nálganir fræðimanna líka en það eru samt ákveðnar hugmyndir sem mynda grunninn að sögulegri mannfræði. Brian Keith Axel (2002) segir sögulega mannfræði hafast við í frumskógi tilvitnana og vísar þá til þess að grunnur sögulegrar mannfræði eru gögn fengin úr skjalasöfnum. Þetta er ágæt lýsing en til þess að geta framkvæmt rannsókn þarf hugtök og það væri því einnig hægt að segja að söguleg mannfræði búi í þeim hugmyndum og hugtökum sem mannfræðingar skoða gögnin út frá. Í verkfærakassa mannfræðinga eru fjölmörg hugtök en þau sem skera sig úr í tengslum við sögulega mannfræði eru atburðir, frásögn og

saga. Hér verður fjallað um þessi hugtök, tengsl þeirra og mikilvægi fyrir rannsóknir á fortíðinni.

Atburður er vítt hugtak og það er hægt að kalla ansi margt atburð. Þegar rætt er um atburði kemur kannski upp í hugann gifting, skírn, útskrift, stöðuhækkun eða annað sem tengist einkalífinu. En þingkosningar, efnahagshrun, búshaldabyltingin, náttúruhamfarir og opnun tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu eru líka atburðir. Í hvert skipti sem eitthvað gerist eru komnar aðstæður sem kalla má atburð en á vettvangi félagsvísindanna, og þá sérstaklega sögulegra rannsókna, merkir atburður atvik eða röð atvika sem hafa djúp og langvarandi áhrif á samfélög og formgerð þeirra (Sahlins 1991). Sahlins segir þetta vera eitt af því fáa sem fræðimenn eru sammála um þegar kemur að skilgreiningum á atburðum: Að þeir hafi gríðarlega mikil áhrif á samfélög, að ekkert verði eins og áður. Atburði þarf að afmarka út frá sjónarhorni þess samfélags sem upplifir, eða upplifði, atburðinn. Merking atburða er mismunandi milli samfélaga vegna þess að samfélög byggja formgerð sína og tilveru á mismunandi gildum og hugmyndum. Samfélagslegur skilningur á því hvað er atburðarás og hvað ekki og hvað hafi áhrif á annað í tilverunni er misjafn milli samfélaga eða menningarsvæða (Sahlins 1991, Hatrup 1992). Tilvist atburðar byggir á upplifun fólks á ákveðnum atvikum. Þegar fólk upplifir það að atvik hafi mikil áhrif á tilvist þess, þá verður atvikið (eða atvikin) að einhverju meiru. Þá eru atvikin sameinuð í eina heild og úr verður sögulegur atburður (Sahlins 1991, Jackson 2005).

Atburðum má skipta í tvo flokka: Annars vegar í atburði sem orsakast af ytri aðstæðum sem eru utan þess sem maðurinn hefur stjórn í tilverunni á hins vegar í atburði sem eiga uppruna sinn í aðstæðum innan samfélaga (Sahlins 1991). Dæmi um ytri atburði eru náttúruhamfarir eins og jarðskjálftinn mikli í Japan árið 2011. Skjálftarnir, eða atvikin, höfðu gríðarleg áhrif á japanskt samfélag og snertu flesta þætti þess. Þessi tenging við tilvist fólks verður til þess að fólk myndar sér skoðun á atvikinu, það metur áhrif þess á eigin tilveru. Vegna þess hve jarðskjálftinn var áhrifamikill er hægt að kalla hann sögulegan atburð eða atburði. En ef skjálftarnir hefðu ekki haft nein áhrif væri þetta ekki atburður vegna þess að þá væri ekki til staðar samfélag sem veitir skjálftanum merkingu. Það eru til

dæmis fjölmargir jarðskjálftar á dag í Japan en fólk tekur ekki eftir þeim öllum (og það sama á við á Íslandi). Atburðir sem byggja á innri aðstæðum samfélags byggja á atvikum sem eiga sér uppruna í hugmyndum og gjörðum fólks, einstaklinga eða hópa innan samfélagsins en fylgja annars sama ferli og ytri atburðir (Sahlins 1991). Það er ekki endilega augljós munur á atburðum sem orsakast af innri aðstæðum og atburðum sem orsakast af ytri aðstæðum. Dæmi um það væri til dæmis uppskerubrestur sem orsakast af ofnýtingu lands. Þar eru orsökinn áhrif manna á náttúruna en það er ekki víst að fólkíð upplifi það þannig. Hvað með íslenska efnahagshrunið? Hvort orsakaðist það af innri eða ytri aðstæðum? Fræðimenn þurfa að gæta þess að þessi flokkun er viðmið frekar en algild regla.

En hvernig tengjast atburðir sögu og rannsóknum á fortíðinni? Jú, samfélög varðveita minningar um atburði kynslóð fram af kynslóð og sú varðveisla er það sem kallað er saga. Atburðir eru félagslegir, þeir eru búnir til af fólki og hið sama er hægt að segja um sögu. Söguleg mannfræði skilgreinir sögu sem afurð/framleiðslu fólks og sem framleiðslu/afurð ákveðins tíma og svæðis (Alex 2002, 3). Litið er á manninn sem virkan þátttakanda í því að móta og búa til eigin sögu og sögu síns samfélags (Hastrup 1992). Saga er búin til af fólki sem tekur saman gögn og skráir þau niður og sú vinna byggir á hugsunum og hugmyndum ákveðins svæðis á ákveðnum tíma (Alex 2002). Saga er frásögn af fortíðinni og frásögnin er sífellt í mótn. Í sögu eru varðveitt þau gildi og hugmyndir sem fólki finnst einkenna eigið samfélag. Í sögu segir fólk frá lífi fyrri kynslóða og frásögnin er byggð á sögulegum atburðum (Biersack 1991, Hastrup 1992). Micheal Jackson segir frásögn samfélaga af fortíðinni vera í tveimur hlutum. Annars vegar er það sá tími meðan sögulegi atburðinn stendur yfir. Þá ríkir mikil ólga í samfélaginu en svo kemur rólegur tími fram að næsta sögulega atburði og svo framvegis (Jackson 2005). Þessi tímabil eiga það sameiginlegt með hugmyndinni um innri og ytri atburð að það getur verið erfitt að afmarka þau. Hvenær hefst sögulegur atburður og hvenær endar hann? Hvað telst vera rólegt tímabil milli sögulegra atburða?

Gurevich segir að ógerlegt sé að skilja uppbygginu og gerð samfélaga án þess að hafa skilning á því hvernig meðlimir samfélagsins sjá og skilja heiminn. Þess vegna á söguleg mannfræði að skoða menningarleg

gildi og hugmyndir frá sjónarhorni hvers samfélags fyrir sig líkt og mannfræðingar gera í hefðbundnum rannsóknum (1992). Þegar þetta er haft að leiðarljósi verður skilningur rannsakanda á heiminum sem líkastur skilningi fólksins sem rannsakað er. Þannig má öðlast innsæi í það samfélag sem er rannsakað, þó svo að það hafi verið uppi mörgum öldum fyrr. Gurevich segir það einmitt vera eitt af mikilvægustu verkum sögulegrar mannfræði: það að veita innsæi í líf fólks fyrr á tímum og veita þannig lesendum í nútímanum tækifæri til að læra meira um eigin fortíð. Frásögn samfélaga af atburðum fortíðar mótar samfélög og einkenni þeirra á líðandi stundu og þess vegna eykur skilningur á fortíðinni skilning fólks á samtíma sínum (Hastrup 1992).

Með því að minnast fortíðarinnar varðveita samfélög menninguna. Saga verður til í samfélagslegu ferli sem mótar sögusýn fólks, eða þekkingu þess um fortíðina, en þessi sögusýn er ekki óhagganleg og samfélög eru sífellt að vinna með minningar um eigin fortíð. Það geta komið fram upplýsingar sem breyta því hvernig fólk sér eigin sögu og þegar þekking glatast eða hverfur breytist frásögnin (Hastrup 1992). Það má segja að á meðan atburður stendur yfir þá eigi samfélag í innri baráttu þar sem barist er um túlkun á atburðinum. Mismunandi hópar berjast fyrir sínu sjónarhorni og fyrir því að það sem þeir telji að hafi gerst verði samþykkt sem sannleikurinn um það sem gerðist. Það sjónarmið sem verður ofan á í þeirri baráttu myndar grunninn að þekkingu samfélagsins um atburðinn og hvernig eigi að bregðast við svipuðum atburði ef hann endurtekur sig (Jackson 2005). Myndi það til dæmis hafa mikil áhrif ef það kæmi í ljós að byggð á Íslandi hefði hafist þremur öldum fyrr en talið er? Hvernig væri saga Íslands ef Íslendingasögurnar hefðu glatast? Eða ef engum hefði þótt mótmæli Jóns Sigurðssonar á Þjóðfundinum 1851 merkileg og setningin „vér mótmælum allir“ hefði ekki varðveist? Til þess að útskýra þetta betur er hægt að taka nýleg dæmi úr íslensku samfélagi.

Haustið 2011 kom út bókin *Íslenskir kommúnistar 1918-1998* eftir Hannes Hólmstein Gissurarson og er umfjöllunarefnið saga kommúnista á Íslandi. Ekki eru allir sáttir við bókina og meðal þeirra sem hafa mótmælt innihaldi hennar er Guðný Ýr Jónsdóttir, ekkja Sigfúsar Daðasonar skálds. Í bókinni segir Hannes að „Jón úr Vör mótmælti ofbeldisverkum Kremlverja í

lok sjötta áratugar, en Sigfús Daðason var ófáanlegur til þess" (Hannes Hólmsteinn Gissurarson 2011, 531). Guðný segir þetta ekki vera rétt. Sigfús hafi alltaf staðið „með hinum kúguðu gegn kúgurum sínum" og hún vísar í grein þar sem hann mótmælir ofbeldisfullum aðgerðum Sovétríkjanna gegn þegnum í ráðstjórnarríkjunum (Guðný Ýr Jónsdóttir 2011). Í þessu dæmi fá atburðir í tímum kalda stríðsins nýja merkingu í umræðu á Íslandi þar sem þeir tengjast deilum tveggja aðila sem báðir hafa sett fram eigin útgáfu af skoðunum Sigfúsar. Það á svo eftir að koma í ljós hvor skoðunin mun hafa meiri áhrif á minningu íslensks samfélags um Sigfús Daðason. Annað dæmi upp úr bók Hannesar eru deilur milli hans ljóðskáldsins Þorsteins frá Hamri. Í bók sinni segir Hannes að Þorsteinn hafi ort níð um Jón Óskar skáld en þessu mótmælir höfundur ljóðsins og segir ljóðið ekki vera níð. Einnig segir Þorsteinn að samband hans við Jóns hafi alltaf verið gott og að Hannes geri Þorsteini upp kala til Jóns (Þorsteinn frá Hamri, 2011). Hannes svarar svo grein Þorsteins þar sem hann ítrekar það sem fram kemur í bókinni (hann gerir slíkt hið sama í tilfalli Guðnýjar, sjá 2011a og 2011b). Þarna deila tveir menn um hvaða merkingu skuli leggja í kvæði annars þeirra og í leiðinni um það hvernig samfélagið minnst þessara kvæða Þorsteins og samskipti hans við Jón Óskar. Í þessum dæmum eru margir atburðir. Það má kalla útgáfu bókarinnar atburð og einnig fjallar bókin sjálf um atburði (til dæmis ofbeldisverk Sovétríkjanna gagnvart ráðstjórnarríkjunum, fall Sovétríkjanna, ferðir íslenskra kommúnista til austantjaldslanda og svo framvegis) og deiluaðilar skilgreina atburðina út frá sínu sjónarhorni, sinni upplifun.

1.3. Saga þjóðhöfðingja eða saga almennings?

Á vettvangi sögulegrar mannfræði eru atburðir ekki bara frásögn af því sem gerðist, hvenær, hvar og hverjir voru aðalhlutverkum. Sahlin segir fræðimenn hafa of mikla tilhneygingu til að fjalla um atburði eingöngu sem pólitíska eða eingöngu út frá formgerð. Þegar fjallað er um atburði eingöngu út frá stjórnmálum verður til einskona stjórnmálasaga þar sem fjallað er um ákvarðanir og gjörðir elítunnar; þjóðhöfðingjar, hershöfðingjar og trúarleiðtogar eru orsakavaldar og það eru þeir sem láta hjól sögunnar snúast. Í slíkri sögusýn er samfélaginu skipt í tvo greinilega hópa, valdhafa

og almenning. Þegar atburðir eru rannsakaðir út frá formgerð er sú þekking sem verður til nær almenningi og hún snýst meira um samfélagið, almenning og samfélagsstofnanir heldur en stjórnmalabarattu þjóðhöfðingja. Sahlins segir slíkt komast nálægt því að vera popúlismi, allavega í sambanburði við hitt (Sahlins 1991).

Tökum seinni heimsstyrjöldina sem dæmi. Hugsum okkur hana einungis sem frásögn af ákvörðunum og gjörðum leiðtoga landa. Hitler er þar mikill orsakavaldur og sem leiðtogi nasista í Þýskalandi kemst hann til valda 1933 þegar hann er útnefndur kanslari Þýskalands (Elson 1979). Svo væri hægt að segja frá mikilli stjórnmalabarattu í Evrópu þar sem Bretland og Frakkland reyndu að bregðast við ýmsum kröfum Hitlers og Neville Chamberlain ætlaði með Münchenarsáttmálanum að tryggja frið í Evrópu. Það tókst ekki og 1939 réðust Þjóðverjar inn í Pólland og hófst þá atburður sem kallast seinni heimsstyrjöldin. Þar voru helstu orsakavaldar leiðtogar stærstu ríkjanna þeir Jósef Stalín leiðtogi Sovétríkjanna, Winston Churchill forsætisráðherra Bretlands og Franklin D. Rosevelt forseti Bandaríkjanna. Eru þessar þjóðir oft kallað Bandamenn í frásögnum af atburðinum. Eins og fram kom þá réðst Hitler fyrst inn í Pólland og sumarið 1940 féllu Belgía, Holland og Frakkland ásamt öðrum svæðum í hendur Þjóðverja og sama ár var barist um Bretland sem varðist og hindraði sókn herja Hitlers í Vestur-Evrópu. Árið 1941 réðust Þjóðverjar á Sovétríkin og sama ár réðust Japanir á flotastöð Bandaríkjanna á Perluhöfn og í kjölfarið urðu Bandaríkin þáttakendur í styrjöldinni. Á austurvígstöðvunum er Stalíngrad miðpunktur átakanna árið 1942 en Sovétmenn vinna að lokum þá orrustu, tekst svo smán saman að snúa vörn í sókn og þá hefst undahald þýskra herja sem endar í Berlín 1945. Að auki höfðu Bretar sótt að Þjóðverjum í Afríku og svo réðust Bandaríkjamenn og Bretar inn í Normandí á D-deginum svokallaða. Þjóðverjar vörðust en gátu lítið gert til að hindra sókn Bandamanna. Hitler svipti sig lífi þann 30. apríl 1945 og 8. maí gáfust Þjóðverjar upp (Elson 1979).

Þetta er aðal atburðarásin í stríðinu og inn í þessa frásögn fléttast mörg minni atvik eins og stakar orustur (Stalíngrad, Leníngrad, Iwo-Jima, El-Alamein, Donquirke eru nokkrar), samningar og fundir (eins og Münchenarsáttmálinn, Friðarsamkomulag Þýskalands og Sovétríkjanna,

Möltufundurinn). Einnig koma fram mörg nöfn stjórnálmanna og hershöfðingja. Auk þeirra nafna sem nú þegar hafa komið fram má nefna Hermann Göring yfirmann þýska flughersins, Joseph Göbbels áróðursmálaráðherra Þjóðverja, Vyacheslav Molotov utanríkisráðherra Sovétríkjanna og Joachim von Ribbentrop utanríkisráðherra Sovétríkjanna að ógleymdum Mussolini, leiðtoga Ítalíu. Svo eru það herforingjar eins og Montgomery, Patton, Eisenhower og fleiri. Í þessari frásögn er fjallað um leiðtoga, ákvarðanir þeirra og samskipti sem er vissulega einn þáttur í atburði eins og seinni heimstyrjöldinni (Elson 1979).

En það sem vantar í þessa frásögn er hvaða áhrif styrjöldin hafði á fólk út um allan heim og samfélög þeirra. Það vantar frásögn af því hvernig fólk upplifði stríðið því það er út frá því sem fólk man atburðinn og varðveitir minninguna um hann. Seinni heimstyrjöldin hefði aldrei orðið að veruleika ef Hitler hefði ekki fengið stuðning frá fólki. Stríð geta ekki orðið að veruleika nema af því að fólk er tilbúið til að berjast. Og þá er spurningin Af hverju? Af hverju fékk Hitler stuðning? Af hverju er fólk tilbúið til að berjast og hætta lífi sínu? Hvaða hugmyndir og gildi búa þarna að baki? Það er óhætt að segja að seinni heimstyrjöldin hafi verið atburður sem hafði djúp og langvarandi áhrif á tilveru samfélaga og ekkert varð eins og það var. Milljónir manna létu lífið í bardögum, í loftárásum, sem fangar og í skipulögðum útrýmingum. Heilu borgirnar voru næstum jafnaðar við jörðu og fólk missti heimili sín. Stríð, átök, dauðsföll, atvinnuleysi og skortur urðu daglegt líf milljónna manna (Elson 1979). Seinni heimstyrjöldin sem atburður tengist ekki mörgu jákvæðu og hefur oft verið haft að orði að hún sé atburður sem ekki megi endurtaka sig. Má ekki segja að þau samfélög sem atburðinn snerti hafi komist að þeirri niðurstöðu að stríð af þessari stærðargráðu sé óæskilegt? Að hugmyndafræði nasista sé óæskileg, að það sé ekki í lagi að útrýma þjóðernishópum og að það sé betra að búa í friði. Samfélögin vinna svo að því að viðhalda þessum niðurstöðum sem ef til vill sést í því að síðan stríðinu lauk hefur ekki brotist út annað stríð af sömu stærðargráðu og settar voru á fót formlegar stofnanir til þess að takast á við stríð og frið og stríðsglæpi (eins og til dæmis Sameinuðu þjóðirnar og Stríðsglæpadómstóllinn í Haag).

Ef upplifun fólks af Hitler og Churchill hefði verið af öðrum toga eða ef nasistar hefðu til dæmis lagt undir sig Evrópu þá hefði frásögnin af atburðinum breyst og saga seinni heimstyrjaldarinnar væri öðruvísi. En svo er það ekki þannig að fólk upplifði stríðið á sama máta út um allan heim. Upplifun Íslendinga var til að mynda öðruvísi en þeirra sem bjuggu á meginlandi Evrópu og þar var upplifun fólks einnig mismunandi. Þýskir hermenn upplifðu stríðið á annan máta en rússneskir eða bandarískir hermenn. Á Íslandi upplifði fólk uppbyggingu, atvinnutækifæri og landið varð sjálfstæð þjóð sem er nokkurn vegin þveröfugt við það sem fólk á stríðshrjádum svæðum upplifði. Það samþykkja flestir að þau voðaverk sem lýst er í frásögnum af stríðinu hafi gerst í raun og veru en það er til fólk sem hafnar því og það sér því söguna á annan máta.

Þegar fjallað er um atburði þá á ekki að aðskilja stjórn málin og formgerðina vegna þess að slík umfjöllun segir aðeins hálfu söguna, ef svo má að orði komast. Valdhafar og almenningur eru báðir orsakavaldar og atburð þarf að skoða út frá því (Sahlins 1991). Það sem er skráð sem atburður á spjöld sögunnar er aðeins toppurinn á ísjakanum. Til þess að skilja atburð til fullnustu þarf að rannsaka formgerð hans því þar eru rætur atburðarins og stjórn málin eru hluti af formgerð samfélaga, eins og aðrir þættir þess. Út frá formgerðinni má nálgast áhrif atburðar á stjórn málin, efnahag og hið daglega líf fólks.

1.4. Fortíð í texta: um heimildir.

Vettvangur mannfræðings sem stundar rannsóknir á fortíðinni má segja að sé á skjalasöfnum og meðal þeirra gagna sem hann vinnur með (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2001). Kirch segir að undir hatt sögulegrar mannfræði þurfi að safna og blanda saman margskonar rannsóknaraðferðum og heimildum (2002). Þau gögn sem söguleg rannsókn er unnin upp úr geta verið dagbækur, fræðirit, persónuleg og opinber bréf, teikningar, opinberar skýrslur, viðtöl, fornleifar og allt annað sem varðveitir á einhvern hátt upplýsingar um liðna tíma. Þegar kemur að heimildum þarf alltaf að velja og hafna. Sum skjöl eru gagnlegri en önnur, sum fá meira vægi í frásögninni en önnur og valið fer eftir rannsókninni (Borofsky 2000). Þó svo að gögnin séu

ekki nákvæmlega þau sem mannfræðingar vildu helst hafa aðgang að, þá getur vel verið mögulegt að nota þau ef þau eru skoðuð í réttu ljósi (Silverman 1979, 414).

Ef upplifun fólks af atvikum er það sem ákvarðar hvað telst sögulegur atburður og hvað ekki þurfa fræðimenn að nálgast heimildir með það að leiðarljósi. Fólk er misjafnt og upplifir atburði á mismunandi vegu. Fyrr í ritgerðinni var minnst á að á meðan atburður stendur yfir keppast einstaklingar og hópar innan samfélags um að skilgreina atburðinn og þau gögn sem varðveitast frá þeim tíma sem atburðurinn gekk yfir endurspegla þessa baráttu. Það er meðal annars ástæðan fyrir því að til eru margar mismunandi heimildir um sama atburðinn frá mörgum mismunandi sjónarhornum. Þá á ekki að reyna að finna þá frásögn sem er sönnust eða reyna að finna einhver atriði í öllum frásögnunum sem eru sannar en útiloka önnur sem eru það ekki. Við það glatast innihald texta sem má nýta í annarskonar rannsókn (Sally Engle Merry 2003).

Mismunandi frásagnir gefa vísbendingu um mismunandi upplifun fólks af atburðum og um leið mismunandi viðhorfum samfélagsins gagnvart því sem gerðist. Með því að nýta sér mismunandi frásagnir og reyna að átta sig á gildum og hugmyndum þess sem skrifaði heimildina má búa til mynd af því hvernig samfélagið tókst á við atburðinn, hvaða hugmyndir voru uppi um hann og svo hvaða hugmyndir og gildi höfðu yfirhöndina og mótuðu næstu kynslóðir samfélagsins. Gögn eru búin til af fólki sem upplifir atburði á mismunandi hátt og segir frá þeim á mismunandi vegu og það á að líta á mismunandi frásagnir af sama atburði sem kost frekar en vandamál (Sally Engle Merry 2003). Það er mikilvægt að líta á söguleg gögn sem vitnisburð um ákveðinn tíma en ekki sem staðreyndir um fortíðina. Heimildir eru frekar dæmi um það sem fólk á hverjum tíma telur félagslegar staðreyndir (Hastrup 1992). Gurevich segir að þegar heimildir eru skoðaðar þurfi að athuga í hverskonar umhverfi heimildin hafi orðið til. Hann vill skyggjast inn í hug þess er samdi heimildina til að skilja hana betur og fræðimenn eiga svo að nota heimildir til að endurgera fortíð í nútíð (Gurevich 1991). Gögn segja til um hvernig einhver gerði eitthvað á ákveðnum tíma og hvernig viðkomandi útskýrir það. Með því að skilja umhverfið og það sem hafði

áhrif á þeim tíma sem heimild varð til er hægt að greina heimild nánar (Axel 2002).

Áhugavert dæmi er frásögn Júlíusar Sesars af Gallíustríðunum, en á árunum 58-50 fyrir Krist þá sigraði hann svæðið þar sem nú eru Belgía, Frakkland og Sviss ásamt því að ráðast tvisvar á eyjuna hinu megin við Ermasundið, Bretland. Fyrir nútímalesanda eru skrif hans tækifæri til að fá innsýn í huga þekkt einstaklings úr mannskynsögunni og þau eru uppfull af fróðleik um Gallíu og fólkið sem þar bjó. En frásögn Sesars er ekki hlutlaus lýsing á Gallíusvæðinu eins og það var á hans tímum. Gallíudagbækur Sesars eru frásögn rómversks herforingja og stjórnmalaleiðtoga og skrif hans ber að skoða út frá því. Sesar lítur heiminn samkvæmt gildum og hugmyndum sem hann hefur lært í hinu rómverska samfélagi og það væri fróðlegt að vita hvort þeir höfðingjar sem hann á samskipti við í frásögn sinni væru sammála því sem hann skrifar um samskipti þeirra (Caesar 1982).

Mannfræðingar hafa í marga áratugi rannsakað samfélög utan Evrópu og svo miðlað þekkingu um þessi samfélög til fólksins heima. Mannfræðingar hafa rannsakað fjölbreytileika mannsins og búið til mynd af heimi þar sem fólk hefur sínar leiðir til þess að gera hlutina. Hugtakið menningarleg afstæðishyggja má segja að hafi verið búið til þess að takast á við þetta. Í því felst skilningur á því að samfélög eru mismunandi, að fólk sér heiminn á mismunandi máta og að samfélög út um allan heim hafa mismunandi skýringar á tilverunni. Í því felst að engin ein leið er rétta leiðin, að ekki eigi að fordæma siði samfélaga á grundvelli gilda sem eiga sér enga stoð í því samfélagi sem rætt er um. Þetta á einnig við um hugtök fræðimanna. Það þýðir til dæmis lítið að rannsaka markaðsbúskap þar sem hann er ekki til staðar eða lýðræðisstofnanir hjá fólki þar sem hugtakið lýðræði hefur enga merkingu (Durrenberger og Suzan 2007).

Það er mikilvægt að hafa í huga að menningarleg afstæðishyggja á þó ekki að koma í veg fyrir gagnrýni, heldur tryggir hugtakið að skilningur á aðstæðum komi á undan gagnrýni. Hugmyndina um menningarlegt afstæði er mikilvægt að hafa í huga þegar stundaðar eru sögulegar rannsóknir. Gurevich hefur gott dæmi um þetta og vandamálin sem geta komið upp þegar verið er að nota hugtök sem ekki eru til staðar í því samfélagi sem

rannsakað er. Hann segir að þegar sagnfræðingar noti hugtök eins og eign, auð, vald, ríki og trúarbrögð þegar verið er að rannsaka víkingatímamann þá þurfi að gera það mjög varlega. Ef þessi hugtök eru notuð eins og þau eru skilin í dag er hættu á að rannsóknin sýni fátt nýtt varðandi veröld víkinga eins og hún var. Rannsóknin sýnir þá fortíðina í út frá augum nútímans. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera slæmt og getur verið skemmtilegt að leika sér með slíkt í rannsóknum. En það þarf að hafa vara á vegna þess að það er hættu á því að verið sé að troða nútímanum upp á fortíðina og það er ekki til þess fallið að auka skilning okkar á lífi fólks fyrir á öldum (Gurevich 1992, 14).

1.5. Um vettvangsrannsóknir

Vettvangsrannsóknir hafa lengið verið aðalsmerki mannfræðinnar og er stundum talað um að þær séu einskonar manndómsvígsla innan fræðigreinarinnar. Mannfræðingur varð ekki mannfræðingur nema hann hefði dvalið nógu langt í burtu frá heimahögum í dagóðan tíma og framkvæmt rannsókn. Í vettvangsrannsóknum felst sú hugmynd að mannfræðingur fer og dvelst meðal fólks í ákveðið langan tíma. Meðan á dvölinni stendur reynir mannfræðingurinn að kynnast fólkinu og hugmyndum þess um heiminn. Mannfræðingurinn sjálfur er mælitæki rannsóknarinnar. Hann skráir niður það sem honum finnst áhugavert eða mikilvægt. Hann talar við fólk og tekur viðtöl og þannig aflar hann þeirra upplýsinga sem vonandi nægja til að svara rannsóknarspurningum (sjá til dæmis O'Reilly). Hugmyndin um vettvangsrannsóknir hefur tekið miklum breytingum í gegnum árin. Nú er til dæmis ekki nauðsynlegt að sinna vettvangsrannsóknum hinu megin á hnettinum, það er í lagi að rannsóknin fari fram í nær-samfélagi mannfræðingins. Einnig er það ekki lengur nauðsynlegt að dvelja á sama stað allan tíma eins og margar rannsóknir um farandverkafólk sýna (Marcus 1995).

Þrátt fyrir miklar breytingar á hugmyndinni um vettvang kalla sögulegar mannfræðirannsóknir á enn frekari enduskoðun hugtaksins. Vettvangsrannsóknir hafa átt það sameiginlegt að fara fram á meðal lifandi fólks, einstaklinga sem mannfræðingar geta átt samskipti við en þannig er

það ekki í sagnfræðilegum rannsóknum. Þar er verið að rannsaka atburði sem eru liðnir og þeir einstaklingar sem tóku saman gögnin sem notuð eru og þeir einstaklingar sem gögnin fjalla um eru látnir. Það er því ekki hægt að fara og dvelja meðal þeirra sem sagt er frá en samt sem áður geta vettvangsrannsóknir farið fram. Það má líta á vettvanginn sem svæðið þar sem mannfræðingur vinnur sína rannsókn og í tilfalli sögulegrar mannfræði er það svæði til dæmis söfn af allskonar tagi (Sigríður Dúna Kristmundsdóttir 2001). Vettvangurinn myndast meðal gagnanna sem unnið er með því að það er í gegnum þau gögn sem mannfræðingurinn kynnist fólkinu sem hann er að rannsaka, alveg eins og í vettvangsrannsókn sem fram fer í samtímanum. En þó svo að rannsóknarefnið sé fortíðin er ekki þar með sagt að mannfræðingar þurfi að fórna vettvangsrannsóknum meðal samtímafólks og hverfa inn í skjalasöfn. Raunar er það svo að vettvangsrannsóknir geta nýst mjög vel við rannsóknir á fortíðinni og er það umfjöllunarefni seinni helmings ritgerðarinnar.

2. kafli. Gildi vettvangsrannsókna fyrir sögulega mannfræði.

2.1. Söguskilningur Evrópu og saga "hinna"

Oft sagt um söguna að hún sé skrifuð af sigurvegurum og það á vissulega við um þann söguskilning sem hefur þróast í Evrópu (Eric Wolf 1982). Evrópsk sögusýn er línuleg og sagan er samansett af atburðum sem mótuðu álfuna og lokaafurðin, ef svo má að orði komast, er Evrópa dagsins í dag. Frásögnin er heildstæð atburðarás sem færir í átt að nútímanum í þróun sem virðist náttúruleg (Hastrup 1992, Wolf 1982). Saga Evrópu er frásögn af Grikkjum og lýðveldi Aþenu, heimsveldi Rómverja, Evrópu endurreisnarinnar og Evrópu upplýsingarinnar. Upplýsingunni fylgdu hugmyndir um réttindi manna, samfélagssáttmálann, lýðræði og þjóðríki. Þessar hugmyndir voru grunnurinn að stofnun Bandaríkjanna og seinna fylgdi lýðræðisvæðing í Evrópu. Fyrir í ritgerðinni var sagt að í frásögnum af fortíðinni varðveiti samfélög hugmyndir um heiminn og skoðanir á því hvernig samfélög eigi að vera byggð upp. Wolf segir að í Evrópu sé

hugmyndin um það hvernig samfélag á að vera þjóðríki með markaðsbúskap, einn hópur fólks með sameiginlega sögu og einkenni sem býr á afmörkuðu svæði. Þessi hugmynd var í hugum Evrópubúa tengd við nútímavæðingu og framfarir og allt sem kom á undan eða var öðruvísi var flokkað sem hefðbundið og gamalt (Wolf 1982). Í þessari frásögn af fortíðinni er fólgin sýn á heiminn sem byggir á Evrópu annars vegar og umheiminum hinsvegar, vesturlöndum sem eitt samfélag og siðmenning, samsetta úr mörgum ríkjum.

Það er þessi hugmynd um heild og stöðugleika sem Wolf segir einkenna hugmyndir Evrópubúa um samfélög og þegar mannfræðingar fóru að rannsaka samfélög utan Evrópu sáu þeir þau út frá eigin hugmyndum um samfélög. Fyrir í þessari ritgerð var minnst á að mannfræðinni hefði verið legið á hálsi fyrir að sjá ekki breytingar sem áttu sér stað í þeim samfélögum sem þeir skrifuðu um og það tengist þessari sýn á samfélög. Þessir mannfræðingar skoðuðu innri stöðugleika samfélaga og leituðu þess vegna að siðum, venjum og samfélagsstofnunum sem gerðu fólkinu kleift að viðhalda stöðugleika í samfélaginu og lifa lífinu án breytinga (Silverman 1979).

Þessi skrif mannfræðinga endurspegluðu og mótuðu jafnframt viðhorf Evrópubúa og hugmyndir þeirra um heiminn utan álfunnar. Evrópubúar sáu þetta sem frumstætt fólk með siði og venjur en áttu langt í land með að verða nútímaleg. Fulltrúar nýlenduveldanna voru tilbúnir að hjálpa þeim þar. Wolf segir að þannig sé það í raun enn og það megi sjá í framkomu vesturlanda við þau ríki sem kölluð eru þriðji heimurinn. Þau lönd sem hafa komið á markaðshagkerfi og helst einnig lýðræði fá hrós á meðan önnur eru gagnrýnd fyrir að sinna ekki umbótum nægilega (Wolf 1982). Ferðalangar, fulltrúar nýlenduvelda og fræðimenn hafa í margar aldir skrifað um fólk utan Evrópu og meðal þess sem skráð hefur verið er saga þeirra samfélaga sem þeir hitta fyrir. Sú frásögn af fortíð framandi samfélaga hefur verið í samræmi við sögusýn Evrópu. Skrifað var um einangruð, gamaldags samfélög sem voru föst í hefðum og venjum. Þessar frásagnir verða svo að frásögn af baráttu milli menningarheima þar sem hefðbundin samfélög komast í tengsl við umheiminn í gegnum nýlenduveldin. Þá tekur við mikil barátta milli þeirra gilda sem

nýlenduvelðin starfa eftir og svo hefðbundinna gilda samfélagsins sem fólkið reynir að varðveita af öllum mætti (Wolf 1982, Cohen og Odhiambo 1989).

Verk Eric Wolf, *Europe and the People Without history* (1982), er hörð gagnrýni á þetta viðhorf. Í bókinni fjallar Wolf um útþenslu Evrópuríkja frá 1400 og áhrifin sem það hafði á samfélögin á nýlendusvæðunum en um leið fer hann yfir sögu þessara sömu svæða fram að nýlendutímanum. Hann segir ekki rétt að samfélög hafi lifað í einangrun fram að fyrstu kynnum við Evrópumenn. Með því að skoða fólksflutninga og efnahagsleg tengsl svæða út um allan heim sýnir hann fram á að samfélög heimsins hafi ætíð haft samskipti hvert við annað. Sem dæmi má nefna þétt net viðskiptaleiða í Vestur-Afríku, fólksflutninga í Afríku fyrir sunnan miðbaug, viðskiptaleið sem tengdi saman Kína, Indland, Arabíuskagann og Persíu og svona má lengi telja (Wolf 1992). Það er heldur ekki svo að kynni Evrópubúa af heiminum utan álfunnar hafi hafist einn ákveðinn dag eða eitt ákveðið ár. Fólk ferðaðist út fyrir álfuna öldum saman en það sem gerðist á nýlendutímanum er að samskipti við framandi samfélög urðu fastur liður í tilveru Evrópubúa, til dæmis með öllum þeim framandi vörum sem fluttar voru á evrópska markaði.

Fortíð samfélaga áður en nýlendutíminn hefst var ekki gerð mikil skil. Kannski vegna áhugaleysis en ástæðuna má einnig rekja til þess að þessi samfélög varðveittu fortíð sína á annan hátt en Evrópubúar. Í Evrópu er löng hefð fyrir því að varðveita sögu með því að skrásetja hana og skriflegar heimildir hafa mikið vægi. Á nýlendusvæðunum voru samfélög sem varðveittu sögu sína munnlega en ekki skriflega og þegar kemur að sögulegum rannsóknum hafa munnlegar heimildir verið á gráu svæði og ekki taldar jafn áreiðanlegar og skriflegar heimildir. Ekki nóg með að saga væri varðveitt munnlega þá var það ekki endilega frásögn af atburði eða atburðarás heldur var sagt frá fortíðinni á máta sem nýlenduvelðin flokkuðu sem goðsögur, slúður, ljóð og sögur. Ekkert sem hafði sagnaræðilegan áreiðanleika (Hereniko 2000). Það þótti til lítils að skrá niður sögu samfélags ef ekki var hægt að gera það eftir vísindalegum stöðlum en það hins vegar var hægt að skrá sögu þess frá fyrstu tengslum við nýlenduvelðin og þannig þá urðu til frásagnir sem vísindin töldu áreiðanlegar. Þess vegna

er saga nýlendusvæðanna oft frásögn af því hvernig fulltrúar nýlenduvelldanna upplifðu framandi samfélög en ekki eins og fólkið sjálft upplifði söguna. Sagan var skrifuð fyrir fólkið heima í Evrópu en hún var einnig notuð til að kenna innfæddum sögu. Vilsoni Hereniko hefur skrifað um þetta og byggt á æsku sinni á Hawaii. Sem barn var hann látinn læra sögu breska heimsveldisins og þurfti að leggja á minnið dagsetningar, nöfn og atburði sem hann hafði enga tengingu við. Þannig staðfestu Evrópubúar eigin heimsmynd og um leið voru samfélög mótuð að evrópskri ímynd (Hastrup 1992).

En hvað kemur þetta sögulegri mannfræði við? Söguleg mannfræði getur brotið niður þessa útgáfu af sögunni. Hastrup segir eitt mikilvægasta verk sögulegrar mannfræði vera að brjóta niður evrópska heimsmynd og framleiða sögulega þekkingu um fólkið sem á sér enga sögu í evrópskum fræðum. Söguleg mannfræði getur einnig reynt að miðla sögu samfélaga sem varðveita sögu sína á annan máta en vaninn er í Evrópu og einnig getur söguleg mannfræði endurskoðað hugmyndir um sögu Evrópu (Hastrup 1992) eins og til dæmis hugmyndina um þróun frá Grikkjum til nútímans sem minnst var á fyrr í ritgerðinni. Wolf segir að það þurfi að segja frá bændum, minnihlutahópum, samfélögum á nýlendusvæðum og öðrum sem ekki hafa rödd í frásögn Evrópu af fortíðinni (Wolf 1982). Þessar raddir geta mannfræðingar fundið á vettvangi.

2.2. Vettvangsrannsóknir um fortíðina

Sem eðlilegt er þá fara rannsóknir á fortíðinni alltaf fram í samtíma hvers rannsakanda fyrir sig, enda ekki hægt að ferðast aftur í tíma. Eins og minnst var á hér að ofan þá eru sagnfræðilegar rannsóknir oftast þess eðlis að fræðimenn sökkva sér yfir gögn sem urðu til einhvern tíma í fortíðinni. Höfundar gagna eru ekki lengur á lífi og til að skilja gögnin til fullnustu þarf að skoða þau í samfélagslegu samhengi og spyrja spurninga eins og af hverju urðu þau til? Hvaða aðferðum var beitt? Rannsóknir á fortíðinni snúast oft um að nota þessi gögn til að varpa nýju ljósi á atburði liðins tíma og öðlast þannig nýjan skilning á fortíðinni. Þetta svið sögulegra rannsókna er mjög stórt og mannfræðingar hafa stundað svona rannsóknir. En einnig er

hægt að fara á bak við sagnfræðina, ef svo má að orði komast, til að rannsaka fræðin sem liggja að baki varðveislu samfélaga á fortíð sinni. Þá er ein grundvallarspurningin sú: hvernig varðveita samfélög fortíð sína? Hvernig búa samfélög til frásögn af eigin fortíð? Í hverju binda samfélög þekkingu um fortíð sína? Hvernig er þessi frásögn og þessi þekking mótuð í nútímanum? Hvernig lifir fortíðin í nútímanum? Hvernig talar fólk um fortíðina? Hvernig tengjast þessar frásagnir innri gerð samfélaga? Svör við þessum spurningum má finna á vettvangi. Með því að tala við fólk og öðlast skilning á því hvernig samfélög hugsa um eigin fortíð. Í svona rannsóknum er aðalatriðið ekki að mannfræðingurinn búi til frásögn af fortíð samfélaga heldur að hann reyni eftir fremstu getu að miðla frásögn fólksins af eigin fortíð. Auðvitað þarf fræðimaðurinn alltaf að velja og hafna þegar kemur að þeim aragrúa gagna sem hann safnar að sér en markmiðið þarf að vera að miðla hugmyndum fólks. Hann á ekki að búa til eina rétta frásögn af fortíð samfélags eða ákveða hvort frásögn innfæddra sé áreiðanlegri heimild en gögn frá nýlenduveldum. Það er hægt að bera saman frásagnir nýlenduvelda og frásagnir innfæddra en það á ekki að ákveða hvor hafi rétt fyrir sér. Fólk upplifir tilveruna á mismunandi máta og það eru til mörg sjónarhorn á hvern atburð. Ein frásögn eins er ekki endilega réttari en önnur. Mannfræðingar eru sagðir eiga að líta heiminn með augum innfæddra og til þess að rannsaka fortíð samfélaga þarf að hugsa um fortíðina eins og innfæddir.

Mannfræðingar hafa í gegnum tíðina öðlast þekkingu á þessu og í etnógrafíum má oft finna kafla um það hvernig fólk varðveitir fortíð sína. Það er þó þannig að þessi þekking er oft aukaafurð vettvangsrannsókna og minna hefur verið um etnógrafíur sem fjallað er um sögulegar mannfræðirannsóknir þar sem skilningur fólks á fortíðinni er í aðalhlutverki. Þó er er hægt að nefna eina etnógrafíu í þessu samhengi og það er *Siaya: The Historical Anthropology of an African Landscape* (hér eftir kölluð *Siaya* til styttingar) eftir David William Cohen og E.S. Atieno Odhiambo (1989). Í *Siaya* er söguskilningur Lou fólksins í Vestur-Kenýa aðalumfjöllunarefnið og í verkinu er tekist á við mörg atriði sem reifuð hafa verið í þessari ritgerð.

Höfundar *Siaya* segja hana vera tilraunaverkefni. Þeir vildu skilja hvernig Lou fólkíð skilur eigin fortíð, hvernig það talar um hana og hvernig

sú frásögn mótar einkenni Lou í dag. Markmiðið var að skrifa bók sem væri ekki eingöngu fyrir fræðimenn eða lesendur á Vesturlöndum. Þetta átti að vera bók um og fyrir Lou fólkið. Höfundar reyna að fanga umræðu fólksins um eigin fortíð og ræða þær hugmyndir sem þar koma fram ásamt skrifum fræðimanna um sögu Lou. Höfundar afla upplýsinga um fortíð Lou fólksins með etnógrafískum vinnubrögðum. Þeir dvelja hjá fólkinu, ræða við það og hlusta á fólkið ræða um fortíð sína. Höfundarnir reyna að greina ákveðin stef í frásögnum fólksins og orðræðugreina í raun frásagnir þess.

Höfundarnir skoða sögu fólksins út frá því að hún sé lengri en sem nemur samskiptum fólks við nýlenduveldin, að hún sé meira en eingöngu það sem fræðimenn hafa skrifað og að hún sé meira en frásögn af viðbrögðum Lou við utanaðkomandi aðstæðum. Saga Afríku hefur verið skrifuð út frá sjónarhorni Evrópubúa og fyrir lesendur í Evrópu og þannig hefur evrópsk útgáfa af samfélögum á nýlendusvæðunum orðið til (Wolf 1982, Cohen og Odhiambo 1989). Sagan sem var skrifuð var ekki fyrir fólkið sem hún fjallaði um. Höfundar Siaya nefna að til að bregðast við þessu hafi fræðimenn farið að rannsaka sögu samfélaga í Vestur-Kenýa í auknum mæli og að oft sé talað um að finna sögu fólksins eða búa til sögu handa fólkinu. Eins og saga þess sé ekki til staðar fyrr en fræðimenn hafa grafið hana upp og svo kennt fólkinu eigin sögu (Cohen og Odhiambo 1989). Gallinn við þessa hugsun er sú að fólkið á sér sögu sem það talar um og vísar til í daglegum samskiptum sín á milli. Til að taka dæmi hér heiman frá, þá vísun við sífellt í fortíðina þegar minnst er á 2007 og vísað er til þess efnahagsástands sem hér ríkti þá. Undanfarið hafa brottflutningar fólks til annara landa verið í umræðunni og þá er talað um að þetta séu mesti brottflutningar í Íslandssögunni (Lóa Pind Aldísardóttir 2011). Til þess að útskýra betur hvernig hægt er að nálgast fortíðina í vettvangsrannsóknum verða nú tekin dæmi úr etnógrafíum og til hliðsjónar eru þær spurningar sem spurt var hér að ofan.

2.3. Nútíð í fortíð – hvernig varð samfélag samtímans til?

Nútíminn verður til í fortíðinni. Í frásögnum af fortíðinni varðveita samfélög hugmyndir um það af hverju samfélagið er eins og það er, þau varðveita hugmyndir um sifjatengsl, stjórnarhætti og flesta aðra þætti tilverunnar.

Upprunasögur, merking þeirra, frásagnarmáti og söguskilningur er meðal þess sem Sveinn Eggertsson skrifar um í bókinni *Skálduð skinn: af lífi fólks á Nýju-Gíneu* sem er frásögn af vettvangsrannsókn hans meðal Kvermin fólksins í Nýju-Gíneu. Upprunasögur eru Kvermin mikilvægar en það er í þeim sem fólkið segir frá því hvernig heimurinn varð til. Af hverju heimurinn er eins og hann er, frá því hvernig forfeður þeirra settust að á landsvæði Kvermin og það er í þessum sögum sem samfélagið varðveitir hugmyndir um fjölskyldugerð og hlutverk og samskipti kynjana.

Kvermin fólkið rekur uppruna sinn til efri hluta Yam fjallanna og þaðan kemur þekking þeirra og skilningur á eigin sögu og siðum einnig. Siðirnir urðu til efst í fjallinu og bárust svo milli íbúa niður eftir fjallinu. Kvermin segja þekkingu koma frá fjallstoppnum og áreiðanleiki frásagna er metinn út frá því. Þeir sem búa ofarlega í fjallinu eru áreiðanlegri heimild en þeir sem neðar búa. Aldur skiptir einnig máli og öldungar eru nær upprunanum í tíma og búa þess vegna yfir meiri þekkingu en þeir yngri (Sveinn Eggertsson 2010). Þeir öldungar sem búa ofarlega í fjallinu hafa því mikið vald yfir frásögn Kvermin af fortíðinni og hafa kannski svipað vald og fræðimenn á Vesturlöndum. Frá þeim á þekkingin um fortíðina að koma.

Sveinn segir Kvermin eiga sér sameiginlega sögu sem er einföld útgáfa af því hvaða ættflokkar komu fyrst og í þeirri frásögn er aðeins fjallað um nöfn helstu ættflokka og pólitísk átök. Þetta er saga sem allir þekkja og sem fólk getur sagt gestum frá án vandamála. Hver ættflokkur á svo eigin sögu sem er nákvæmari þar sem sagt frá því hvernig og hvenær ættflokkurinn kom á svæðið, sagt er frá tengslum hans við aðra ættflokka og því hvernig hann tengist hinum ýmsu þáttum í umhverfinu og lífheiminum. Það hvílir talsverð leynd yfir þessum ættflokkasögum og þær eru ekki oft sagðar óskyldu fólki. Ástæðan fyrir því getur verið sú að það koma fyrir nöfn sem óvinir mega ekki heyra en Sveinn segir að ástæðan sé oftast sú að í frásögnum séu þeir sem segja frá að hefja sig og afrek sín upp á hærri stall

en öðrum þykir tilefni til. Flutningur sagnanna er viðkvæmur, aðeins útvaldir öldungar mega segja þær og það mega ekki allir heyra þær. Það kom fyrir að Sveinn var sá eini sem mátti heyra frásagnirnar. Ástæðuna segir hann vera þá að sem mannfræðingur og gestur þá hafði hann engin tengsl við pólitíska hópa í Kvermin og það var því engin pólitísk áhætta fólgin í því að segja honum sögurnar (Sveinn Eggertsson 2010, 150). Sagan af því hvernig börn verða til er annað dæmi um sögu sem aðeins útvalinn hópur má segja þrátt fyrir að allir kunni söguna en hún tilheyrir konum. Það kemur einnig fyrir að þó það hvíli ekki leynd yfir atburðarásinni þá hvíli mikil leynd yfir sumum nöfnum sem fram koma í sögunum. Nöfnum fylgir sérstakur kraftur, það er bannað að nefna nöfnin við ókunnuga og þetta nafnabann og þessari leynd er meðal annars miðlað í frásögn af atviki þar sem leynd nafna er spurning upp á líf og dauða.

Þessi boð og bönn þegar kemur að frásögnum eru áhugaverð vegna þess að reglur um heimildir og áreiðanleika þeirra er einnig að finna í þeim aðferðum sem þróast hafa í Evrópu, og á vesturlöndum, við að varðveita sögu. Fræðimenn hafa haft tilhneigingu til að velja og hafna heimildum eftir því hve áreiðanlegar þeir töldu þær vera og hve sanna frásögn megi finna í þeim. Kvermin meta áreiðanleika frásagna eftir því hve nálægt sögumaðurinn er upprunanum. Til að tekið sé mark á þeirri þekkingu sem fræðimenn framleiða þurfa þeir að fylgja ákveðnum reglum þegar þekkingin er framleidd því annars er hægt að draga hana í efa. Fræðimenn þurfa að byggja skrif sín upp á ákveðinn máta og styðjast við heimildakerfi. Fræðimenn hafa mismikið vægi innan fræðanna og ungur nemi sem er kannski nýbúinn að ljúka doktorsnámi hefur minna vægi en menn eins og Bourdieu eða Foucault. Einnig þurfa fræðimenn að fást við rannsóknir á sviði sem þeir hafa þekkingu á og ekki fyrr en þeir hafa öðlast næga þekkingu á ákveðnu sviði geta þeir farið að, rannsaka, birta skrif sín og segja frá. Þetta má bera saman við reglur Kvermin um að sumar sögur megi aðeins vissir einstaklingar segja frá.

Í upprunasögum ættflokka Kvermin er sagt frá forverum fólksins sem mótuðu landið þannig að hægt væri að búa á því. Forverarnir skipta miklu máli en fólk er ekki sammála um öll atriði sem þeim tengjast. Fólk sem nýlega hefur flutt til Kvermin frá svæðum í norðri telja til dæmis að

forverinn sem mótaði landið og gerði það frjósamt hafi verið kvenkyns og heitið Afek á meðan fólk úr hópum sem hafa dvalið lengið á svæði Kvermin telja hann hafa verið karlkyns og að nafn hans hafi verið Vebnok.

Forverarnir þrír: Vebnok, Afek og Eisárím, tákna ólíka lífskrafta sem renna saman í trjám og eru tré talin stærstu vistkerfin í umhverfi Kvermin (Sveinn Eggertsson 2010).

Verkaskipting þessara þriggja forvera kemur fram í formgerð Kvermin þannig að bræðratengsl mynda kjarna helstu þyrpinga. Það má segja að hver bræðranna hafi ólíka krafta, líkt og forverarnir, nema þeir kraftar eru í formi þekkingar og félagslegra hlutverka. Það er hlutverk elstu bræðranna í hverjum ættflokki að kunna skil á fortíð samfélagsins og upprunasögum og miðla þeim áfram. Þeir veita samfélaginu leiðsögn en yngri bræðurnir eru málsvarar samfélagsins gagnvart erlendum fulltrúum og í erjum við nágretta auk þess sem að þeir verða prestar. Þegar sagt er frá forverunum er því einnig verið að segja frá hlutverkum bræðra í samfélaginu. Í frásögnum af forverunum felast einnig reglur um það hvernig fólk á að haga sér í félagslegum samskiptum. Sveinn segir „það er til dæmis ekki nóg að rækta garð og fá matjurtir, heldur verður garðurinn að vera vitnisburður um samvinnu karls og konu í réttmætu hjónabandi" (Sveinn Eggertsson 2010, 161). Garðarnir sýna samvinnu karla og kvenna en þeir sína líka hvernig menn velja sér konur því réttmætt hjónaband felur það í sér að karlinn hafi fengi systur manns úr öðrum ættflokki sem eiginkonu. Hann þarf sjálfur að vera reiðubúinn til að gefa systur sína manni úr öðrum ættflokki og þannig er tengslum milli hópanna viðhaldið.

Í upprunasögum sínum segja Kvermin frá uppruna sínum og í sögunum er einnig þekking um félagsleg tengsl, sífjakerfi, hlutverk karla og kvenna. Hugmyndum Kvermin um tilveruna er þannig miðlað milli kynslóða í frásögnum sem samfélagið endurskoðar í sífellu og ræðir um sín á milli. Kvermin tengja þekkingu um tilveruna við garðrækt og er ekki eina fólkíð sem tengir hana við vistkerfið og tré.

Í bókinni *Friction: an ethnography of global connection* eftir Anna Lowenhaupt Tsing (2005) er sagt frá áhrifum skógarhöggs í Indónesíu á ýmsa hópa samfélagsins og þeirra á meðal Dayak fólksins sem bjó í skóglendi við fjallið Meratus. Þetta fólk upplifði miklar breytingar á tilveru

sinni í kjölfar þess að stjórnvöld gáfu leyfi fyrir miklu skógarhöggi á svæðinu sem Dayak leit á sem sitt heimasvæði, þar voru heimili þess og ræktarland. Í skóginum átti fólk svæði sem það ræktaði ásamt öðrum og þessi svæði voru miðpunktur félagslegra tengsla. Mikil fjölbreytni í lífríkinu kallaði á mikla þekkingu vegna þess að fólk lærði að þekkja lífríkið. Þeirri þekkingu deildi fólk og þannig mynduðust tengsl. Tsing segir frá því að vinkona hennar meðal Dayak fólksins hafi eitt kvöld ákveðið að þær þyrftu að taka saman lista yfir nöfn og notagildi plantna (og annars gróðurs) og dýra í umhverfi fólksins. Skráningin hefst og Tsing tekur eftir því að þær tala aldrei einungis um það sem verið er að skrá niður. Þess í stað virka plöntu- og lífveruheitin eins og lykill að þekkingu vinkonu hennar um heiminn. Út frá plöntum og öðum lífverum segir vinkona hennar sögur, rifjar upp minningar og ræða allskyns málefni, allt frá venjulegum heimilisverkum til eyðileggingu skóganna. Trjátegund gat verið kveikjan að minningu um svæði þar sem fólk bjó í einhvern tíma og önnur trjátegund vakti minningar um annað búsetusvæði, en Dayak fólk hefur ekki fasta búsetu innan skógarins, heldur flakkar það á milli svæða innan hans. Þá skilja þau húsin eftir sem hverfa með tímanum.

Tsing segir að þegar fólk spjalli um hvað það hafi verið að gera og hvar það hafi verið þá sé alltaf minnst á plöntur og dýr og snákar kveiki sérstaklega á mörgum sögum. Skóglendið er fullt af örnefnum og fjölmörg tré hafa eigin nöfn, ekki bara tegundaheiti, sem er svipað eins og ef hvert einasta tré í Hallormsstaðaskógi hefði sér nafn. Fólk ræktar sjálft matjurtir og rótarávexti eins og það þarf og svo nýtir það ætar jurtir og ávexti sem vaxa villt í skóginum. Fólk þarf ræktunarland og í skóginum eru svæði sem einu sinni var ræktunarland en hafa verið ónotuð sem slík lengi. Þessi fyrrum ræktunarsvæði eru sérstaklega mikilvæg í félagslegu samhengi vegna þess að svæðið og gróðurinn sem þar vex er tengdur við fólk sem bjó á svæðinu. Svæðin mynda grunninn að frásögnum um fortíðina. Kynslóðir hugsa um landið, rækta það og það má segja að í hugum Dayaka þá er skógurinn safn félagslegra staðreynda, alveg eins og gögn eru í sögulegum rannsóknum. Frásögn þessi af fortíðinni er tengd við ræktunarsvæði, plöntur, dýr og tré og þessum frásögnum er miðlað kynslóð fram af kynslóð (Tsing 2005).

Grunnálgun sögulegrar mannfræði að sögu sem frásögn af fortíð samfélaga er að sagan er sífellt í mótun. Dayak fólkið upplifði það að heimili þess hefur tekið miklum breytingum vegna þess að erlend fyrirtæki hafa fengið að höggva skóginn. Stór landssvæði hafa verið lögð undir skógarhögg og umhverfið hefur orðið fyrir miklum skemmdum. Ræktunarsvæði, tré og plöntur hafa orðið skógarhöggi að bráð og áhrifin á Dayak fólkið eru þau að svæði sem hafa mikil félagsleg gildi og svæði sem varðveita mikla sögu eyðileggjast. Auk þess þarf fólkið að flytja burt af þeim svæðum þar sem skógarhögg er stundað og í leiðinni er það að flytja burt frá minningum og minnisvörðum um liðna tíma. Þannig glatar það þekkingu um eigin fortíð (Tsing 2005).

2.4. Atburðir og frásögn af efnahagsbreytingum

Skógarhöggins munu Dayak örugglega minnast sem sögulegs atburðar. Slík fyrirbæri eru oft miðpunktur sögulegra rannsókna og slíka atburði er einnig hægt að rannsaka í vettvangsrannsóknum. Atburður var skilgreindur þannig að tilvist atburðar byggir á upplifun fólks af ákveðnum atvikum og þegar fólk upplifir það að atvik hafi mikil áhrif tilvist þess, þá verður atvikið, eða atvikin, að einhverju meiru. Þá eru atvikin sameinuð í eina heild og til verður sögulegur atburður. Einnig var sagt að erfitt getur verið að afmarka sögulegan atburð í tíma (Sahlins 1991, Jackson 2005).

Munnlegar heimildir herma að á níttjándu öld hafi verið nokkrir markaðir í Vestur-Kenía þar sem fólk gat komið og skipst á landbúnaðarafurðum. Þetta voru skipulagðir markaðir sem valdamestu ættflokkarnir á hverju svæði höfðu umsjón með og út frá þeim myndaðist viðskiptanet. Fyrir 1880 stundaði fólkið sjálfsþurftarbúskap. Öll ræktun miðaðist við þarfir heimilisfólks en einnig tók fólk þátt í markaðnum á svæðinu og um viðskiptaleiðir flutti fólk meðal annars salt, fisk og leirker. Nýlendutíminn hafði mikil áhrif á þetta fyrirkomulag. Fulltrúar nýlenduvelldanna sáu landsvæði ríkt af auðlindum og það þurfti að hámarka afkastagetu þessara auðlinda. Í stað sjálfsþurftarbúskaps og viðskipta með framleiðslu voru framleiðsluhættir fólksins mótaðir eftir kapítalískri hugmyndafræði og meiri áhersla var lögð á framleiðslu fyrir markaði heldur

en framleiðslu sem fullnægði þörfum fólksins heima. Við fólkinu blöstu spurningar um fæðuöryggi og fólkið þurfi að finna jafnvægi milli þess að framleiða fyrir heimsmarkað og þess að framleiða fyrir eigin fjölskyldu. Fólk þurfti að endurhugsa hugmyndir um vinnu og spyrja sig hvernig best væri að geyma framleiðsluna, hvernig hægt væri að fá fjölskyldumeðlimi til að vinna meira en þeir voru vanir og einnig þurfti fólk að endurskoða hugmyndir um fjölskyldutengsl og vald innan heimilisins. Hverjir stjórna heimilinu þegar það er lítið annað verksmiðja? Hverjir erfa stjórn yfir framleiðslunni? Hverjir fara með fjármál heimilisins? Samkvæmt frásögninni þurfti fólkið þurfti að kljást við mikla endurskoðun á hugmyndum sínum um tilveruna jafnhliða því að nýlenduvelðin héldu áfram að þrýsta á meiri framleiðslu. Fólkið leit á landbúnaðaráætlanir nýlenduvelðanna sem leiðir til að koma höndum yfir auð þess og vinnu og þegar hungusneyðir fóru að gera vart við sig voru áætlanir og stefnur nýlenduvelðanna tengdar við matarskort og hungur. Í stað þess að rækta fyrir heimilið og stunda vöruskipti samhliða varð Lou fólkið hluti af öðrum markaði, kapítalískum alþjóðamarkaði og óvissunni sem vill fylgja honum, til dæmis varðandi verð, framboð og eftirspurn. Til að tryggja fæðuöryggi var framleiðsla aukin sem varð til þess að land var ofnýtt. Varðandi mismunandi sjónarhorn á auðlindir lands þá benda höfundar *Siaya* á að í frásögn í af nýlendutímanum er varðveitt hugmyndin um betra líf fyrir nýlendutímamann sem kemur fram í umræðu um að landið hafi verið betra fyrir nýlendutímamann. En núorðið er landið ofnýtt og þurrkar miklir og frásögn af því ástandi sem og miklum aðlindum landsins er nokkuð sem er sameiginlegt í frásögn fólks og nýlenduvelðanna (Cohen og Odhiambo 1989).

Nautgriparækt hefur lengi verið mikilvægur þáttur í efnahag Lou fólksins. Nautgripir voru uppspretta auðs, þeir tryggðu fæðu og þeir voru undirstaðan að viðskiptum þar sem eigendur nautgripa versluðu með þá sín á milli og eigendur voru fyrirmenni í samfélaginu. Viðskipti með nautgripi voru sérstaklega mikilvæg vegna þess að þau voru leið manna til að endurbyggja hjarðir sínar ef dýrin urðu smitsjúkdómum að bráð. Fulltrúar nýlenduvelðanna höfðu mótað flesta þætti í ræktun og efnahag fólksins og vildu líka komast yfir nautgriparæktunina en þeir sáu mikil verðmæti í

kjötinu. Lou fólkið fór þá að framleiða nautgripi fyrir Evrópumenn og nautgriparækt var grundvöllur mikilla samskipta milli Lou og Evrópubúa en það hélt þó áfram að versla með nautripi sín á milli í óþökk nýlenduvelldanna. Nautgriparækt Lou fólksins var ekki stöðug og þurrkar og sjúkdómar hafa haft mikil áhrif á hana auk aðgerða nýlenduvelldanna. Upp úr 1920 höfðu Lou þolað mikla þurrka og nautgripum hafði fækkað mjög. Þeir sem gátu brugðist við þörfinni fyrir nautgripi efnuðust og nautgripir voru sendir frá svæðum í kring. Það þurfti að flytja nautgripahjarðir reglulega milli svæða og mikilvægur hlekkur í viðskiptum með dýrin var hópur ungra manna sem unnu við að koma hjörðunum á milli staða. Í frásögn af þessum kúasmölum, sem kallaðir voru *Josemb dhok*, er sagt frá því að það hafi ríkt traust milli þessara þeirra og að þeir hafi öðlast mikla þekkingu á svæðinu sem þeir ferðuðust yfir. Þeir mynduðu sterk tengsl við fólkið sem bjó á svæðinu og einnig öðluðust þeir mikla þekkingu á náttúru svæðisins. Höfundar *Siaya* segja að með stuttu spjalli við einn gamlan kúasmala sé hægt að læra margt um svæðið sem hann starfaði á, allt frá veðri í gegnum árin til starfshátta yfirvalda á svæðinu. Í kringum kúasmalana hafa alltaf verið sögusagnir um að þeir hafi stolið nautgripum og selt og þegar reynt var að fela viðskipti með nautgripi fyrir yfirvöldum voru þau einnig falin fyrir almenningi þannig að það var erfitt fyrir þá sem ekki tóku þátt að fylgjast með viðskiptunum. Matarvenjur Lou breyttust og neysla á nautakjöti jókst til muna. Til að verka kjötið opnuðu fjölskyldur sláturhús og unnu þannig fyrir sér. Þó það hafi verið mikið að gera hjá sláturhúsunum taka höfundar það skýrt fram að það þýði ekki að fjölskyldur hafi orðið ríkar vegna þess að peningurinn sem safnaðist fór til dæmis í brúðarverð eins og í tilviki manns sem átti marga syni (Cohen og Odhiambo 1989).

Í *Siaya* eru etnógrafísk vinnubrögð notuð til að miðla frásögn Lou af miklum breytingum sem komu í kjölfarið á hersetu Breta. Fólkið minnst þess hvernig lífið var áður en Bretarnir komu og varðveita einnig frásagnir af breytingum. Fólkið upplifði það að flestar hliðar tilverunnar breyttust og það upplifði að lífið yrði ekki eins og áður. Herseta Breta er sögulegur atburður því hann markar upphafið að þessum breytingum. Atburði fortíðar þarf því ekki einungis að skoða í gegnum gögn á skjalasöfnum og þannig

rannsóknir gera lítið gagn þegar fólk varðveitir frásagnir munnlega. Þá þarf að fara á vettvang og spyrja fólk hvernig samfélagið minnst atburðanna.

Lokaorð

Sögulegar rannsóknir eru bæði gamall og nýr vettvangur fyrir mannfræðina. Þær hafa verið stundaðar frá upphafi fræðigreinarinnar en án þess þó að til yrði vel mótuð nálgun mannfræði að rannsóknum á fortíðinni. Undanfarna áratugi hafa mannfræðingar afmarkað sögulega mannfræði og búið til verkfærakassa hugtaka sem hægt er að nota til að rannsaka fortíðina. Meðal mikilvægustu hugtakana eru saga, frásögn og atburður. Saga er frásögn samfélags af fortíð sinni og frásögnin samanstendur af sögulegum atburðum, en það eru atvik sem hafa mikil og langvarandi áhrif á samfélagið. Þessi frásögn verður til í samfélagslegu ferli og er í sífellu í mótun, en það geta alltaf komið upp nýjar upplýsingar sem breyta skilningi fólks á eigin fortíð. Söguleg mannfræði fæst ekki við að segja einungis frá atburðarás atburða og frá ákvörðunum stjórnmalaleiðtoga. Þess í stað á að skoða hvað það er í formgerð samfélaga sem gerir einn atburð mikilvægari en annan og hvaða áhrif atburðurinn hafði á tilvist fólksins.

Einn flötur sögulegrar mannfræði er að rannsaka það hvernig samfélög varðveita eigin sögu. Vettvangsrannsóknir eru kjörin leið til að afla upplýsinga um hugmyndir fólks um eigin fortíð, hvernig það varðveitir hana og miðlar henni. Etnógrafísk vinnubrögð hafa þá kosti að rannsóknin er ekki bundin við sögulegar heimildir vegna þess að á vettvangi er mannfræðingurinn að búa til frumheimildir sem eru þá minnisþunktur, viðtöl og svo þau rit sem gefin eru út. Það er hægt að varpa ljósi á mismunandi leiðir samfélaga við að varðveita fortíðina og bera þær saman, skoða hvort eitthvað sé líkt í frásagnarmáta og hvað ekki. Fólk getur varðveitt fortíðina í bókum eins og vaninn er til dæmis á Vesturlöndum eða munnlega í upprunasögum eins og Kvermin fólkið gerir. Á Indónesíu tengir fólkið minningar við svæði í sínu nánasta umhverfi sem er skóglendi við Meratus fjall á Indónesíu. Hér á Íslandi væri hægt að spyrja: hvaða merkingu hefur stytan af Jóni Sigurðssyni á Austurvelli og hvernig vitum við það? Hvernig varðveita Íslendingar fortíð sína? Hvar og hvernig lærum

við um fortíð okkar? Er ekki óhætt að segja að nú til dags læra ung börn þetta að mestu leiti í skólum landsins en svo getur fólk lært meira á söfnum, með lestri bóka og í samtölum við vini og ættingja. Samfélag samtímans varð til í fortíðinni en þessa sömu fortíð er sífellt verið að skilgeina upp á nýtt auk þess sem að verið er búa til minningar fyrir samfélag framtíðarinnar um daginn í dag.

Heimildaskrá

- Axel B. K. (2002). *From the margins: Historical anthropology and its futures*. Durham: Duke University Press Books.
- Barnard, Alan. (2000). *History and Theory in Anthropology*. New York: Cambridge University Press.
- Biersack, A. (1991). *Clio in Oceanica: Toward a historical anthropology*. Washington and London: Smithsonian Institution Press.
- Borofsky, R. (2000). Cook, Lono, Obeyesekere, and Sahlins. Í R. Borofsky (ritsj) *Remembrance of Pacific pasts: an invitation to remake history* (bls. 420-442). Honolulu: University of Hawai'i Press.
- Cohen, W.C. og Odhiabmo, E.S.A. (1989). *Siaya: the historical anthropology of an African landscape*. Athens, Ohio: Ohio University Press.
- Dube, S. (2007). Introduction: anthropology, history, historical anthropology. Í S. Dube (rits) *Historical anthropology*. Oxford og New York: Oxford University Press.
- Durrenberger, E. P. og Erem, S. (2007). *Anthropology Unbound. A Field Guide to the 21st century*. Boulder og London: Paradigm Publishers.
- Durrenberger, E.P. (1992). *The Dynamics of Medieval Iceland: Political Economy & Literature*. Iowa City: Iowa University Press.
- Elson, R.T. (1979). (Jón O. Edwald og Örnólfur Thorlacius þýddu). *Seinni heimsstyrjöldin 1939-1945*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðný Ýr Jónsdóttir. (2011, 19. nóvember). Hafa skal það sem sannara reynist. *Fréttablaðið*.
- Gurevich, A.I. (1992). *Historical anthropology of the Middle Ages*. Chicago: University of Chicago Press.
- Hannes Hólmsteinn Gissurarson. 2011. *Íslenskir kommúnistar 1918-1998*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- 2011a (23. nóvember). „Varð ekki birt." *Fréttablaðið*.
- 2011b (26. nóvember). Athugasemd til Þorsteins frá Hamri. *Fréttablaðið*.
- Hastrup, K. (1992). *Other Histories*. Routledge: London og New York.
- Hereniko, V. (2000). Indigenous knowledge and academic imperialism. Í Borofsky (ritstj) *Remembrance of Pacific Pasts: An invitation to remake history*. Honolulu. University of Hawaii Press.

- Hoffman, D., & Lubkemann, S. (2005). Warscape Ethnography in West Africa and the Anthropology of "Events". *Anthropological Quarterly*, 78(2), 315-327. Sótt
- Jackson, M., (2005). *Existential anthropology: events, exigencies and effects*. New York og Oxford: Berghahn Books.
- Kirch, P.V. og Green, R.C. (2001). *Hawaiki, Ancestral Polynesia. An essay in historical Anthropology*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Lóa Pind Aldísardóttir. (2011). Það er víst metflótti á Íslandi. *Visir.is*. Sótt þann 5. janúar af <http://www.visir.is/thad-er-vist-metflotti-fra-islandi/article/2011111219445>.
- McGee, R.J. og Warms, R.L. (2008). *Anthropological Theory: An Introductory History*. New York: McGraw Hill.
- Lewis, H.S. (1999). The misrepresentation of anthropology and its consequences. *American Anthropologist* 100(3):716-731.
- Marcus, G.E. (1995). Ethnography in/of the world system: the emergence of multi-sided ethnography. *Annual Review of Anthropology* 24(95): 95-117.
- Merry, S.E. (2003). Kapi'olani at the Brink: Dilemmas of Historical Ethnography in 19th-Century Hawai'i. *American Ethnologist*, 30(1), 44-60.
- Morgan, Lewis Henry. (2008) (1877 upprunalega). Ethnical Period. Í R.J. McGee og R.L. Warms (ritstj) *Anthropological Theory: An Introductory History* (43-54). New York: McGraw Hill.
- Pratt, M.L. (1986). Fieldwork in common places. Í J. Clifford og G.E. Marcus (ritstj) *Writing Culture: The Poetics and Politics of Ethnography*. Los Angeles: University of California Press.
- Scheper-Huges, N. (2009). Making anthropology public. *Anthropology Today*, 25(4).
- Sigríður Dúna Kristmundsdóttir. (2001). *Björg : ævisaga Bjargar C. Þorláksson*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Silverman, S. (1979). On the uses of history in anthropology: the palio of Siena. *American Ethnologist*, 6: 413-436.

- Sveinn Eggertsson. (2010). Kafli 6. Sagan. *Skálduð skinn: af lífi fólks á Nýju-Gíneu*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Tsing, A. L. (2005). *Friction: An ethnography of global connection*. Princeton: Princeton University Press.
- Tylor, Sir Edward Burnett. (2008, upprunalega 1871). The Science of Culture. Í R.J. McGee og R.L. Warms (ritstj) *Anthropological Theory: An Introductory History* (28-43). New York: McGraw Hill.
- Whiteley, P. M. (2004). Why Anthropology needs more history. *Journal of Anthropological Research*, 60(4), 487-514.
- Þorsteinn frá Hamri. (2011) (22. nóvember). Athugasemd til Hannesar Hólmsteins. *Fréttablaðið*.